

#### 4. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

11. maí 2016 kl. 16:00 – 18:00

Fundarstaður: Skúlagata 4

---

##### Viðstaddir:

*Stjórnarmenn:* Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, formaður, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Ólöf Nordal, innanríkisráðherra, Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Þórir Garðarsson, varaformaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins. Sigrún Blöndal, forseti borgarstjórnar Fljótsdalshéraðs, boðaði forföll.

*Aðrir:* Hörður Þórhallsson, framkvæmdastjóri, Guðjón Bragason, SIS, Ragnhildur Hjaltadóttir (IRR), Jón Geir Pétursson (UAR), Ingvar Pétur Guðbjörnsson (ANR) og Kristján Skarphéðinsson (ANR) sem ritaði fundargerð.

---

##### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram og samþykkt með athugasemdum um þjár villur sem verða leiðréttar. Farið var yfir samþykktir síðasta fundar. Fram kom að öryggishópurinn verður kallaður saman þegar niðurstöður tillagna um bætt öryggi ferðamanna liggja fyrir og fulltrúi UAR verður með í hópnum. Framkvæmdastjóður úthlutaði fyrir páska og upplýsingar um þá úthlutun er að finna á heimasíðu sjóðsins. Vinna er enn í gangi við að fara yfir ólokin eldri verkefni en ljóst að eftirstöðvar hafa minnkað um 280 mkr. og eru nú um 690 mkr. Kynnt voru gögn um stofnun sameignarfélags um rekstrarfélag Stjórnstöðvar. Í forsætisráðuneytinu er unnið að starfsreglum fyrir stjórn Stjórnstöðvarinnar en þegar þær liggja fyrir verða settar starfsreglur fyrir tengiliðahóp ráðuneytanna. ANR vinnur að því að bæta útsendingu gagna fyrir fundi. Ítrekað var að Stjórnstöðin er samráðsvettvangur og hefur ekki ákvörðunarvald um framkvæmd tillagna sem frá Stjórnstöðinni koma. Fram kom að Hörður Þórhallsson muni á næstunni hverfa til annarra starfa og verður staða framkvæmdastjóra auglýst á næstu dögum.

#### 2. Yfirlit yfir verkefni í vinnslu og áfanganiðurstöður.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna hjá SF.

- Sviðsmynda og áhættugreining í ferðaþjónustu er lokið og verður kynnt á opnum fundi í maí. Unnin hefur verið sviðsmynda- og áhættugreining þar sem horft er til ársins 2030 og urðu nokkrar umræður þar sem sumt í niðurstöðunum kom stjórnarmönnum á óvart. Ítrekað að þetta væri ekki staðan nú heldur mat þátttakenda á framtíðaráhættu fyrir ferðaþjónustuna.
- Menntun, hæfni og gæði. Verkefninu lýkur í júní. Hæft starfsfólk er forsenda gæða og meiri arðsemi í ferðaþjónustu. Ákveðið að verkefnið yrði kynnt á næsta stjórnarfundum í byrjun júní og að boða menntamálaráðherra á fundinn.
- Salernismál ferðamanna. Verkfræðistofan EFTA hefur unnið greiningu á staðsetningu salernisaðstöðu á landinu til að mæta þörfum ferðamanna. Fram kom ábending um að hálandið vantaði inn í greininguna. Í næsta skrefi verður lagt mat á kostnað við uppbyggingu salerna í

samræmi við þarfagreininguna og kannaðir kostir mismunandi rekstrarforma. Uppsetning salerna á nýjum svæðum kallar oft á breytingar á deiliskipulagi.

- Samanburður á tæknilausnum fyrir gjaldtöku á bílastæðum. Fram kom að allar helstu tæknilausnir bjóði upp á sveigjanlegt gjald innan dagsins og gefi því möguleika á aðgangsstýringu.

Önnur verkefni:

- Umhverfisstofnun í samráði við Stjórnstöðina skilgreindi 38 aðgerðir deilt niður á 30 áfangastaði ferðamanna sem eru í hættu vegna ágangs og sendi inn umsókn um styrki til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fyrir þessum aðgerðum.
- Stjórnstöð hefur átt fundi með innanríkisráðuneytinu, Vegagerðinni og Samgöngustofu varðandi samráð um undirbúning samgönguáætlunar, þ.e. að hún taki meira mið af þörfum ferðaþjónustunnar. SAF mun taka saman minnisblað um þarfir og óskir ferðaþjónustunnar áður en lengra er haldið. Rætt var um mikilvægi þess að tillögur og hugmyndir sem ræddar eru í Stjórnstöð fari eftir hefðbundnum ferlum til áframhaldandi umfjöllunar. Varðandi samgöngumálin var bent á samgönguáætlun sem fylgir lögbundnu ferli og taka þarf tillit til fjölmargra hagsmuna við gerð hennar. Því væri eðlilegt að beina þörfum og hugmyndum ferðaþjónustunnar til umfjöllunar í samgönguráði sem hefur lögbundið hlutverk og gerir tillögur til ráðherra.
- Í samráði við Ferðamálastofu er verið að velja erlendan ráðgjafa til að aðstoða við svæðisáætlun ferðaþjónustu (Destination Management Plan) sem ráðgert er að hefjist í september. Fram kom að þessi aðstoð muni felast í ráðgjöf við aðferðafræði og það yrði ekki verkefni ráðgjafanna að velja svæðin.
- Verkefnahópur um áreiðanleg gögn í íslenskri ferðaþjónustu er að vinna að heildstæðri rannsóknaráæltun sem verður kynnt í sumar.
- Verkefni um stýringu ferðamanna er hafið með undirbúningsvinnu hjá Stjórnstöð ferðamála. Í umræðum kom fram að þetta væru í raun tvö viðfangsefni. Annað sneri að því að dreifa ferðamönnum á fleiri áfangastaði sem t.d. mætti gera með markaðs- og kynningarstarfi en hitt sneri að því að stýra straumi ferðamanna innan tiltekins svæðis eða dreifa álagi yfir tíma dags. Það mætti t.d. gera með bílastæðagjaldi sem væri mishátt innan dagsins.
- Verkefni um gjaldtöku af ferðamönnum er hafið með samantekt á öllum helstu greiningum og skýrslum sem búið er að vinna héraðs og verður þessari vinnu lokið í júní. Í umræðum kom fram að mikilvægt væri að ljúka stefnumótun um gjaldtökumálin sem fyrst. Kostir og gallar helstu aðferða lægju fyrir og því ætti ekki að þurfa langan tíma til að ljúka málinu. Fram komu hugmyndir um að byggja mætti upp slíka gjaldtöku á blandaðri leið. Stjórnstöð mun halda áfram með þetta verkefni og getur samantektin nýst við ákvörðun um gjaldtökuleiðirnar.
- Verkefni um samhæfingu, einföldun og aukna skilvirkni innan stjórnkerfisins er lýtur að ferðaþjónustu er hafin. Kynnt verður áfangaskýrsla fyrir stjórn í júní.
- Í tengslum við fjárlagaumræðu næsta árs er ráðgert að meta fjárþörf til að efla samgöngur, uppbyggingu ferðamannastaða og mælingar og rannsóknir. Áætluð verklok í júlí.

*Verkefni sem er lokið:*

- Greining á fjárþörf Framkvæmasjóðs ferðamannastaða og tillögur um breytingar á verklagi sjóðsins og mótframlagi.
- Greining á fjárþörf fyrir rannsóknir í ferðaþjónustu og stöðuggreining á mælingum og rannsóknnum á Íslandi tengt ferðaþjónustu.
- Gerð tillagna um bætt öryggi ferðamanna.
- Gerð tillagna um 150 mkr. til mælinga og rannsókna í íslenskri ferðaþjónustu.



- Sviðsmynda- og áhættugreining í íslenskri ferðaþjónustu.
- Samanburður á tæknilausnum fyrir gjaldtöku á bilastæðum.
- Greining á þörfum fyrir salernisaðstöðu fyrir ferðamenn.

### 3. Verkefni sem tengjast fjárlagagerð

- Unnið er að greiningu á fjárþörf vegna samgöngumála.
- Unnið er að greiningu á fjárþörf vegna salerna.
- Mat á fjárfestingarþörf og fjárþörf Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Gerður hefur verið samstarfssamningur við Samband Ísl. Sveitarfélaga vegna þessa verkefnis.
- Mat á fjárþörf landssvæða vegna DMP.
- Rannsóknaráætlun til lengri tíma, kostnaðarmat og skipting verkefna á ábyrgðaraðila.

Eingöngu er um kostnaðarmat að ræða en ekki tillögur um aðgerðir af hálfu Stjórnstöðvar. Í umræðum kom fram mikilvægi þess að tengja framangreind verkefni við þá lögbundnu ferla og áætlanir sem unnið er að á vegum ríkisins. Í því felst að fella þau að vinnu og verklagi við mótun og gerð samgönguáætlunar og löggjafar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

### 4. Verkefni sem tengjast brýnum aðgerðum á árinu 2016 og staða þeirra.

Um er að ræða þrjú verkefni, grunnaðstaða ferðamanna, bætt öryggi ferðamanna og verndun náttúru gegn ágangi.

### 5. Úthlutun á 150 mkr. til mælinga og rannsókna í íslenskri ferðaþjónustu.

Gerð hefur verið tillaga til iðnaðarráðherra um úthlutun 136,3 mkr. til 10 verkefna. Ráðherra hefur ákveðið að fara að tillögunum.

### 6. Staða vinnu við innleiðingu nýrra laga um innviði

Umhverfisráðherra lagði fram minnisblað og kynnti vinnu við undirbúning landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

#### Önnur mál

Rætt var um að hafa starfandi viðbragðsteymi í samvinnu aðila til að reyna að sjá fyrir og eftir atvikum að bregðast við aðstæðum sem munu koma upp í sumar. Þá var ákveðið að stefna að því að halda næsta fund í stjórninni fyrrihlutann í júní.

( )

( )